

## Leikskóli Húnabyggðar – Reglur um innritun barna

*Samkvæmt 26. gr. laga um leikskóla (90/2008) er sveitastjórn heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitafélaginu, enda njóti viðkomandi leikskóli framlags úr sveitarsjóði. Þessar reglur eru annars vegar settar með tilliti til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskóla sveitarfélagsins.*

1. Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að það hafi náð 12 mánaða aldri og sé með lögheimili í Húnabyggð. Undantekningu frá kröfu um lögheimili má veita ef fyrir liggur samþykki lögheimilissveitarfélags að greiða hlut sveitarfélagsins í leikskólagjöldum.
2. Sótt er um leikskóladvöl á heimasíðu leikskólans. Innritun nemenda fer fram allt árið í samræmi við forgangsreglur. Umsóknir þeirra nemenda sem hefja skólavist í upphafi nýs skólaárs skulu berast fyrir 1. júní ár hvert og eru þær umsóknir afgreiddar í lok júní/byrjun júlí.
3. Í umsókninni skal tilgreina æskilegan dvalartíma barns. Hægt er að kaupa 4 - 8,5 tíma á dag.
4. Umsóknir raðast á biðlista eftir kennitölum barna, þau elstu fyrst. Barn getur verið á biðlista þótt lögheimili sé annars staðar, aðlögun getur aðeins hafist eftir að lögheimili hefur verið flutt.
5. Innritun er alfarið í höndum leikskólastjórnenda þar sem aðstæður í leikskólanum ráða því hvenær leikskólaganga getur hafist. Öllum umsóknum er svarað með tölvupósti.
6. Húnabyggð áskilur sér rétt til að forgangsraða börnum í leikskólann þegar taka þarf tillit til aðstæðna barna og/eða foreldra. Börn geta fengið forgang, skv. tilmælum fræðslustjóra, vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna/erfiðleika sem ætla megi að hafi áhrif á velferð barnsins. Beiðni um forgang þarf að fylgja bréf frá félagsráðgjafa, lækni eða öðrum eftir því sem við á.
7. Opnunartími leikskóla Húnabyggðar er samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.
8. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. dag hvers mánaðar. Uppsögn þarf að berast með skriflegum hætti til leikskólastjórnenda. Skuldi foreldrar þrjá mánuði er barninu sagt upp leikskóladvöl.

9. Hægt er að sækja um breytingar á dvalartíma og skal ósk um það berast skriflega til leikskólastjórnenda. Breytingar miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og skulu gilda eigi skemur en þrjá mánuði.
10. Dvalargjöld reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar, 11.okt 2022

---

Pétur Arason